

Upplýsingar um **SÖLUSKOÐANIR** (Ástandsskoðanir)

Ástandsskoðanir

Í mörgum af skoðunarstöðvum Frumherja hf. er boðið upp á margar gerðir ástandsskoðana. Viðskiptavinir ættu alltaf að geta fundið einhverja skoðun sem hentar þeim hverju sinni. Við skoðanirnar starfa þrautþjáfaðir skoðunarmenn sem nota fullkomin tæki til að meta ástand búnaðar, t.d. hemlaprófara til að skoða virkni bremsubúnaðar, mengunarmæla sem m.a. gefa hugmynd um ástand eldsneytiskerfis, lakkþykktarmæla sem geta bent á viðgerðir á yfirbyggingu eða sprautuvinnu, hristara sem notaðir eru til að skoða hjóla- og stýrisbúnað, og fleiri tæki. Á Hestháli í Reykjavík og á Dalshrauni í Hafnarfirði eru auk þess demparaprófari sem mælir ástand höggdeyfa en má einnig nota til að finna skrölt í bílum, og loks hjólstefnumælir sem mælir stefnu allra hjóla og gefur upplýsingar um dekkjaslit.

Söluskoðun

Það er einn reginn munur á söluskoðun og aðalskoðun sem er hin lögbundna skoðun eða skylduskoðun sem hún stundum er kölluð

Í aðalskoðun er athugað hvort ökutækið uppfylli lágmarks öryggiskröfur sem settar eru fram í Reglugerð um skoðun ökutækja. Við skoðunina er stuðst við Skoðunarhandbók sem byggir á Reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Ekki er sett út á t.d. slitnar spinlkúlur, slitna hjólbarða eða slitna hemlaklossa svo framalega sem viðkomandi hlutir séu slitnir innan viðmiðunarmarka Skoðunarhandbókar.

Í söluskoðun er m.a. farið yfir öll skoðunatriði sem venjulega eru framkvæmd í aðalskoðun og gerð athugasemd við slit hvort sem það er innan eða utan viðmiðunarmörk Skoðunarhandbókar. Til viðbótar er ástand lakks, ryðvarnar, innréttingar, sæta og fleiri atriða könnuð. Bílnum er einnig reynsluekið.

Framkvæmd skoðunar

Fyrir utan ökutæki: Ökutækið tekið inn á braut, útblástursbarki tengdur, mengunarmælir og raftengi. Ökutækið og skráningarnúmer þess borið saman við skráningarskírteini m.t.t. skráningar og útbúnaðar. Prófun raftengis, drepíð á bifreiðinni og lykill tekinn úr. Genginn hringur um bifreið og skoðaðar hurðir, hurðaralámir, læsingar hurða og kistuloks/afturhlera með lykli, skermun hjóla og útstæðir hlutir, höggdeyfar, ástand ljósa og glitaugna, tengibúnaður, undirvörn, skráningarmarki og þjóðernismerki, farmgeymsla og viðvörunarþríhyrningur, þurrkublöð, rúður og útispeglar, lakk-mæling.

Innan í ökutæki: Öryggisbelti í öllum sætum og lásar þeirra, gaumljós í mælaborði, speglar, rúðupurrkur og sprautur ásamt móðueyðingu, ísettir útstæðir eða sjónhindrandi hlutir, fetilgúmmí, festingar og stillingar á sætum, farmskilrúm og veltistyrkur, útlit innréttingar og sæta, virkni rofa og ljósa, flauta, prófun á slagi í stýri.

Ofan í vélarhúsi: Vélarhlíf lyft og verksmiðjunúmer borið saman við skráningarskírteini, ljósastilling og festing aðalljósa og aukaljósa skoðuð ásamt ljósa speglum og staðsetningu, virkni höggdeyfa, gormaturnar og hjólaupphengjur ásamt festingu og frágangi stýrisvélar og stýrisstanga, festing rafgeymis og sýruhæð, festing og frágangur höfuðdælu og forðabúr, vélaröndun, lekamengun, skoðun á öikumæli, hemlavökvi rakamældur, kælivatn athugað og frostþol mælt, olústaða á hreyfli og sjálfskiptingu mæld, stillitölva tengd og mælingar framkvæmdar eftir því sem við á og hægt er, niðurstöður prentaðar út, vélarhlíf lokað tryggilega og læsing athuguð.

Á lyftu: Þrýstiprófun hemla, gírbúnaður í sjálfskiptri bifreið, stöðuljós, fjaðrir, stýrisgangur, festing stýrisvélar, jafnvægisstöng og hjólaupphengjur, lekamengun, festingar og þéttleiki útblásturskerfis, festingar og ryð í grind og burðarbitum, frágangur innsigla á hraðamælissnúru og drifi, hjóllegur, hjólbarðar, aflrás, öxulhosur, slit og festingar, hemlaleiðslur, barkar, borðar og klossar, tengibúnaður og festingar, hjólskálar og gormasæti ásamt höggdeyfum, ástand hjólbarða, felgur, felguboltar og rær, prufustimplun stimpilökumælis.

Hemlaprófun: Aflögun, ójöfn hemlun og hemlakraftar, hemlun aksturs- og stöðuhemla.

Akstursprófun: Bíllinn er prófaður í akstri m.t.t. aukahljóða í hreyfli, gírkassa og hjólabúnaði, ásamt slagi og losi í stýrisbúnaði.